

Rannsóknanefnd 2014-2015

Skilagrein til fagraðs

Ágúst 2015

Fulltrúar og fundir

Rannsóknanevnd var skipuð í fyrsta sinn á vorönn 2015, og tók þá formlega við hlutverki rannsóknahóps fagráðs, sem hafði verið starfandi frá hausti 2009. Nefndin hittist 9 sinnum á tímabilinu 26. febrúar - 9. júní 2015, auk eins aukafundar með hluta nefndarinnar. Fundargerðir eru aðgengilegar á sameiginlegu vefsvæði Listaháskólans.

Nefndarfulltrúar:

Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir, formaður, aðjúnkt og fagstjóri listfræða, myndlistardeild

(varamaður: Hulda Stefánsdóttir, prófessor og fagstjóri í myndlist)

Atli Ingólfsson, aðjúnkt í tónsmíðum, tónlistardeild

(varamaður: Hróðmar I. Sigurbjörnsson, lektor í tónsmíðum)

Kristín Valsdóttir, deildarforseti, listkennsludeild

(varamaður: Vigdís Jakobsdóttir, aðjúnkt í kennslufræði leiklistar)

Steinþór Kári Kárason, prófessor og fagstjóri í arkitektúr, hönnunar- og arkitektúrdeild

(varamaður: Bryndís Björgvinsdóttir)

Una Þorleifsdóttir, lektor og fagstjóri sviðshöfundabrautar, sviðslistadeild

(varamaður: Stefán Jónsson, prófessor og fagstjóri í leiklist)

Unnur Óttarsdóttir, MA nemandi í myndlist, brautskráð frá skólanum í júní 2015

(varamaður: María Dalberg, MA nemandi í myndlist)

Ritari og starfsmaður nefndarinnar:

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, forstöðumaður rannsóknþjónustu.

Hlutverk og verkefni

Á fundi þann 5. mars var samþykkt að hlutverk nefndarinnar skyldi vera:

- að stýra innleiðingu nýs gæðakerfis rannsókna og nýsköpunar á fræðasviði lista,
- að styðja við innleiðingu rannsóknastefnu skólans inni í deildum,
- að sinna árlegu mati á afrakstri akademískra starfsmanna, skv. gæðaviðmiðum fyrir rannsóknir og nýsköpun á fræðasviði lista,
- að meta umsóknir um rannsóknaleyfi skv. reglum um veitingu rannsóknaleyfa,
- að skipa a.m.k einn fulltrúa ráðstefnunefnd Hugarflugs.

Jafnframt var gerð verkáætlun fyrir fyrirleggjandi verkefni á önninni:

- Skilgreina hlutverk, vinnulag og verkefni rannsóknanevndarinnar.
- Fjalla um tillögur starfshóps um skilgreiningu akademískra starfa sem lagðar voru fram á samráðsfundi 9. janúar, þ.e. þau atriði er varða starfsþáttinn rannsóknir og nýsköpun, þ.m.t. rannsóknahlutfall, reglur um rannsóknaleyfi og reglur um veitingu akademískra starfa.
- Fjalla um tillögu rannsóknahóps um gæðakerfi rannsókna og nýsköpunar á fræðasviði lista (frá mars 2014) og móta ramma fyrir innleiðingu þess. Nefndin mun móta sér verklag við framkvæmd matsins og útfærslu þess.
- Sinna árlegu mati á afrakstri akademískra starfsmanna, skv. gæðaviðmiðum fyrir rannsóknir á fræðasviðum lista.
- Meta umsóknir um rannsóknaleyfi skv. Reglum um rannsóknaleyfi þegar þær hafa verið samþykktar innan skólans.

Afstaða nefndarinnar til greinargerðar rannsóknahóps fagráðs

Nefndin fjallaði ítarlega um greinargerð rannsóknahóps fagráðs frá mars 2014, þar sem tillaga að matskerfi rannsókna og nýsköpunar á fræðasviði lista var lögð fram. Nefndin rýndi sérstaklega í þrjú atriði greinargerðarinnar:

1. Skilgreiningu á hugtakinu “listrannsókn”
2. Skráningu á afrakstri í gagnagrunn
3. Stigagjöf fyrir afrakstur

1. Nefndin er í aðalatriðum sammála skilgreiningu rannsóknahópsins á hugtakinu “listrannsóknir”, en gerir nokkrar athugasemdir varðandi orðalag. Eftir umfjöllun fagráðs mun nefndin gera endurbætta tillögu sem muna verða hið opinbera skjal skólans um gæðakerfi R&N.

2. Tillaga liggur fyrir um tilfærslur og frekari þróun gagnagrunnsins, sem forstöðumaður rannsóknþjónustu vinnur með tölvuþjónustuaðilum skólans í upphafi ágúst og september 2015 (sjá fundargerð frá 9. júní). Hér er ekki um grundvallarbreytingar að ræða, heldur einfaldari útfærslu á þeirri mynd sem gagnagrunnurinn er í núna sem ætlað er að skýra betur markmið og áherslur skráninga. Þannig mun flokkurinn “útgáfa” hverfa sem sér-flokkur, en falla þess í stað inn í hina þrjú flokkana (“listsköpun”, “rannsóknir” og “tengsl við samfélagið”).

3. Nefndarmenn tóku dæmi af hverju fagsviði fyrir sig, oftast í samtali við samstarfsmenn innan deilda, og mátuðu við matskvarða rannsóknahópsins. Sú vinna gerði nefndinni mögulegt að taka afgerandi afstöðu til þess matskerfis sem rannsóknahópurinn lagði til, en aldrei hefur kerfisbundin prófun með svo víðtækum hætti farið fram. Eftirfarandi er afstaða nefndarinnar:

- Matspátturinn “samhengi” fellur saman við matspáttinn “vettvangur”
- Matspátturinn “umfang” bætist við í staðinn. Með “umfang” er t.d. átt við fjölda samstarfsaðila, lengd tónverks, fjöldi flytjenda, fjöldi verka í sýningu osfrv.
- Áfram eru aðrir matspættir “tengsl” og “áhrif”
- Stigagjöf er ekki raunhæf leið. Leggur nefndin þess í stað til að starfsmenn verði metnir á grundvelli heildarafraksturs á viðkomandi fagsviði þrjú ár aftur í tímann. Ekki verði gefin stig fyrir hvert og eitt verk eins og gert er ráð fyrir í tillögum rannsóknahópsins, heldur verði heildarframlag hvers þriggja ára tímabils metið í mismunandi flokka sem lýst er í næsta kafla.
- Allur afrakstur verði metinn sem “listsköpun”, “rannsóknir” eða “tengsl við samfélagið”. Til að starfsmaður fái mat í flokknum “rannsóknir” (hvort sem það eru listrannsóknir eða aðrar tegundir rannsókna) þarf viðkomandi að leggja upp með rannsóknarviðfangsefni frá upphafi.

Framkvæmd mats

Formlegt mat er framkvæmt á þriggja ára fresti. Þess utan fjalla deildir um rannsóknir sinna sviða eftir því fyrirkomulagi þeim þykir best henta sínu starfi, t.d. samkvæmt núverandi fyrirkomulag árlegra rannsóknafunda hveðrar deildar með þátttöku viðkomandi starfsmanna, deildarforseta, rektors og forstöðumanns rannsóknþjónustu.

Starfsmenn fá mat í þeim flokki sem þeir skrá afrakstur sinn í, þ.e. “listsöpun” og/eða “rannsóknir”, en allir starfsmenn fá mat í flokknum “tengsl við samfélagið”. Gefin er ein heildareinkunn fyrir samanlagðan afrakstur.

Matskvarðinn er eftirfarandi:

- 1 Engin eða smávægileg virkni, ómarktækt framlag til fagsviðs
- 2 Lítil virkni, óverulegt framlag til fagsviðs
- 3 Nokkur virkni og merkjanleg framlag til fagsviðs
- 4 Virkni nokkuð mikil og töluverð áhrif á fagsvið
- 5 Mikil virkni og mikilsvert framlag til fagsviðs, víðtæk áhrif

Gert er ráð fyrir að þetta fyrsta ár sem nýja kerfið er í prufukeyrslu verði matið framkvæmt af fulltrúum í rannsóknanevnd. Þegar nokkur reynsla hafi svo fengist af matskerfinu megi leggja fyrir fagráð tillögu að því framtíðarfyrirkomulagi sem best er talið henta skólanum.

Mikilvæg forsenda þess að hægt verði að hefjast handa við innleiðslu rannsóknarmatsins er að nefndarmenn ræði Viðauka I í greinargerð rannsóknahóps (niðurröðun vettvangs/samhengi eftir vægi) á deildarráðsfundum svo allir hlutaðeigandi geri sér grein fyrir endurskilgreindu mati, áherslum þess og markmiðum. Forstöðumaður rannsóknþjónustu ber síðan ábyrgð á að kynna breytingar á skráningu fyrir starfsfólki, en ljóst er að vanda þarf lýsingar á verkefnum og ritstýra gagnagrunninum mun betur. Öll umsýsla, gagnavinnsla og upplýsingagjöf er á ábyrgð rannsóknþjónustu.

Nefndin vill vara við því að matið sé notað til að skipta fjármagni til rannsókna á deildir, náist samningar um rannsóknafé við ráðuneyti (eins og fordæmi eru fyrir). Þess í stað er lagt til að skilgreindur fjárstuðningur við rannsóknir á fræðasviði lista verði komið fyrir í sérstökum rannsóknasjóð á vegum skólans.

Leiðarvísir fyrir birtingu á afrakstri listrannsókna

Eins og fram kemur í greinargerð rannsóknahóps fagráðs frá mars 2014 er gert ráð fyrir tvöns konar afrakstri listrannsóknafærlis: verki/verkum og greinargerð (e. critical reflection). Þetta þýðir að ef starfsmaður vinnur listrannsókn miðlar hann verkum sínu annarsvegar á opinberum listvettvangi og hinsvegar á viðeigandi ritstýrðum vettvangi.

Rannsóknanevnd vill leggja áherslu á mikilvægi þess að þróa orðræðu á sviði listrannsókna hér á landi, og að Listaháskólinn verði leiðandi í þeirri vegferð. Í því felst að skólinn skapi starfsmönnum umgjörð sem er leiðbeinandi en um leið nægilega sveigjanleg til að hver og einn starfsmaður geti þróað sitt framsetningarform. Augljóst er að formið verður mjög ólíkt eftir fagsviðum, viðfangsefnum og einstaklingum.

Samþykkt var á framkvæmdaráðsfundi í júní 2015 að leggja fjármagn í þróun rafræns

útgáfuvettvangs fyrir birtingu á afrakstri listrannsókna. Rannsóknanevnd vill leggja fram eftirfarandi drög að leiðarvísi fyrir greinargerðir sem hluta af afrakstri listrannsókna:

- Greinargerð um afrakstur listrannsóknar felur í sér meira en einfalda skrásetningu eða lýsingu á verki. Í henni setur viðkomandi fram rannsóknarviðfangsefni sitt, glímir við spurningar og veltir upp álitamálum sem snerta á tengslum þekkingarsköpunar og listsköpunar.
- Hægt er að setja greinargerðina fram í rituðu formi, en ekki er nauðsynlegt að textinn falli í þau hefðbundnu vísindalegu form sem rannsóknararfrakstri er jafnan miðlað í. Æskilegt er að viðkomandi þrúi formið á skapandi, gagnrýninn og tilraunakenndan hátt, noti myndefni (skissur, teikningar, ljósmyndir, myndskreið osfrv.), hljóð eða annað efni sem hentar hverju sinni, og taki jafnvel áhættu með útkomuna.
- Mikilvægt að hafa í huga að sú þekking sem skapast í rannsóknarferlinu og miðlað er í greinargerð er engu mikilvægari en verkið/verkin sem út úr því koma.
- Ekkert hámark eða lágmark er sett á orða- og blaðsíðufjölda greinargerðar.

Greinargerð þarf að innihalda eftirfarandi:

1. Rannsóknarviðfangsefni eða álitamál sem tekist er á við.
2. Markvert framlag hvað varðar innihald rannsóknar, tækni eða form fyrir viðkomandi fagsvið. Hér ætti að vera hægt að merkja nýja þekkingu, nýja innsýn eða nýja túlkun á viðfangsefninu.
3. Umræðu um samhengi rannsóknar og vísanir út fyrir verkið sjálf, t.d. í samfélagsleg, listræn eða fræðileg álitamál.
4. Lýsingu á þeirri aðferð sem rannsóknin er framkvæmd með. Hér gæti verið um að ræða lýsingu á þeim listrænu aðferðum og ákvarðanatökum sem viðkomandi hefur tileinkað sinni listsköpun, eða blöndu af þessu og fræðilegum aðferðum (t.d. úr hugvísindum, náttúruvísindum eða félagsvísindum).

Viðauki I - Skipan og hlutverk rannsóknanevndar (samþykkt plagg)

Rannsóknanevnd starfar í umboði fagráðs, sem felur nefndinni að fjalla um skilgreind mál sem lúta að rannsóknum og nýsköpun (R&N). Ályktanir nefndarinnar ber að leggja undir fagráð til samþykktar og/eða frekari úrvinnslu.

Skipan:

Í rannsóknanevnd sitja fimm fulltrúar fastráðinna akademískra starfsmanna með skilgreint rannsóknahlutfall (einn úr hverri deild) og einn fulltrúi meistaranema. Nefndarfulltrúar og varamenn þeirra eru skipaðir til tveggja ára í senn, en nemandi til eins árs. Formaður skal vera meðlimur fagráðs og skipaður til eins árs í senn. Ef deildarforseti er skipaður í nefndina skal hann ekki vera formaður hennar. Gæta skal þess að ekki verði öllum fulltrúum skipt út á sama tíma.

Hlutverk:

- að stýra innleiðingu nýs gæðakerfis rannsókna og nýsköpunar á fræðasviði lista
- að styðja við innleiðingu rannsóknastefnu skólans inni í deildum
- að sinna árlegu mati á afrakstri akademískra starfsmanna, skv. gæðaviðmiðum fyrir rannsóknir og nýsköpun á fræðasviði lista
- að meta umsóknir um rannsóknaleyfi skv. reglum um veitingu rannsóknaleyfa
- að skipa a.m.k einn fulltrúa ráðstefnunevnd Hugarflugs

Vinnulag:

Rannsóknanevnd fundar einu sinni í mánuði yfir skólaárið og tíðar ef áriðandi verkefni bíða afgreiðslu nefndarinnar. Formaður stjórnar fundum og skipuleggur dagskrá og forstöðumaður rannsóknþjónustu er ritari og starfsmaður nefndarinnar. Eldri fundargerð og dagskrá með gögnum verður að berast nefndarfulltrúum a.m.k. fjórum dögum fyrir boðaðan fund. Ef nefndarfulltrúi getur ekki mætt á fund ber honum að boða varamann sinn og láta formann vita. Hver og einn nefndarfulltrúi sér um að upplýsa varamann sinn um mál sem liggja fyrir hjá rannsóknanevndinni.

Við afgreiðslu mála að undangengnum umræðum er kosið og ræður meirihluti atkvæða. Hægt er að skila inn séráliti sem sett er í viðkomandi fundargerð. Fundargerðir eru aðgengilegar í opnum aðgangi innan skólans.

Verkefni og forgangs röðun:

- Skilgreina hlutverk, vinnulag og verkefni rannsóknanevndarinnar.
- Fjalla um tillögur starfshóps um skilgreiningu akademískra starfa sem lagðar voru fram á samráðsfundi 9. janúar, þ.e. þau atriði er varða starfspáttinn rannsóknir og nýsköpun, þ.m.t. rannsóknahlutfall, reglur um rannsóknaleyfi og reglur um veitingu akademískra starfa.
- Fjalla um tillögu rannsóknahóps um gæðakerfi rannsókna og nýsköpunar á fræðasviði lista (frá mars 2014) og móta ramma fyrir innleiðingu þess. Nefndin mun móta sér verklag við framkvæmd matsins og útfærslu þess.

- Sinna árlegu mati á afrakstri akademískra starfsmanna, skv. gæðaviðmiðum fyrir rannsóknir á fræðasviðum lista.
- Meta umsóknir um rannsóknaleyfi skv. Reglum um rannsóknaleyfi þegar þær hafa verið samþykktar innan skólans.

Samþykkt á fundi rannsóknarnefndar 5. mars 2015

Viðauki II - Ályktanir rannsóknarnefndar um endurskilgreiningar akademískra starfa

ÁLYKTANIR RANNSÓKNANEFNDAR

Ályktanirnar voru unnar á rannsóknarnefndarfundum 26. febrúar og 5. mars 2015, skv. beiðni fagraðs.

1. **Ályktun rannsóknarnefndar um „Reglur um veitingu rannsóknaleyfa”**
2. **Ályktun rannsóknarnefndar um tillögu rannsóknahóps um „Gæðakerfi rannsókna og nýsköpunar á fræðasviði lista”**
3. **Ályktun rannsóknarnefndar um endurskilgreiningar á „Akademískum störfum”**
4. **Ályktun rannsóknarnefndar um „Reglur um veitingu akademískra starfa”**

Fulltrúar í rannsóknarnefnd:

Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir, formaður, aðjúnkt og fagstjóri listfræða, myndlistardeild

Atli Ingólfsson, aðjúnkt í tónsmíðum, tónlistardeild.

Kristín Valsdóttir, deildarforseti, listkennsludeild.

Steinþór Kári Kárasón, prófessor og fagstjóri í arkitektúr, hönnunar- og arkitektúrdeild.

Una Þorleifsdóttir, lektor og fagstjóri sviðshöfundabrautar, sviðslistadeild.

Unnur Óttarsdóttir, MA nemandi í myndlist.

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, ritari og starfsmaður nefndarinnar, forstöðumaður rannsóknþjónustu.

1. – Ályktun rannsóknarnefndar um „Reglur um veitingu rannsóknaleyfa”

1. gr. Markmið

Rannsóknarnefnd leggur til að undir 1. gr. reglnanna verði bætt við klausu um að markmiðið með veitingu rannsóknaleyfa sé ekki eingöngu að gera starfsmanni kleift að sinna rannsóknum heldur einnig að efla rannsóknir á fræðasviði lista og byggja kerfisbundið upp þekkingu á sviðinu. Þannig muni rannsóknastefna skólans birtast betur í plagginu en sem nú er.

Rannsóknarnefnd leggur til að aðjúnktar hafi að öllu jöfnu ekki rétt á að sækja um rannsóknaleyfi þar sem þeir hafa ekki gengið í gegnum hæfsmat. Sá fyrirvari er þó settur að fyrst verði að fjölga akademískum stöðum lektora, dósentna og prófessora við skólann samanber tillögu fagraðs um mögulegan framgang aðjúncta í ofangreindar akademískar stöður. Á meðan fjöldi aðjúncta er eins mikill og raun er við skólann og fáar háskólastöður þá leggur rannsóknarnefnd til að aðjúnktar geti sótt um rannsóknaleyfi samkvæmt skilyrðum í 3. gr. og að einn aðjúnkt hafi rétt á rannsóknaleyfi á hverju skólaári.

2. gr. Lýsing

Rannsóknarnefnd leggur til að rannsóknaleyfi takmarkist við heila önn, en ekki við lengd kennslutímabils samkvæmt kennsludagatali skólans. Akademískur starfsmaður þarf því ekki að sinna kennsluskipulagi eða öðrum nefndar- og deildarstörfum utan kennslutímabils, þegar hann er í rannsóknaleyfi.

Ef þessu verður ekki breytt leggur nefndin til að fagstjórar í hið minnsta verði leystir undan starfsskyldum einnig utan kennslutímabilsins sem rannsóknaleyfið nær yfir, vegna mikils stjórnunarálags og umsýslu með nemendum.

Rök: Þótt rannsóknaleyfi í öðrum háskólum hér á landi miði ramma rannsóknaleyfa við kennslutímabil, þá er þátttaka akademískra starfsmanna Listaháskólans í hverskyns stjórnun það mikil (bæði innan deilda sem og þvert á skólann) að vinnuframlag er töluvert utan kennslutímabilsins hvernig annar og ekki

sambærilegt við það sem gerist og gengur í öðrum háskólum hér á landi. Auk þess ættu starfsmenn að geta dvalið erlendis við rannsóknir heila önn.

Rannsóknanefnd leggur til að hægt sé að veita undantekningar frá því að rannsóknaleyfin séu í takti við annarskiptingar, skv. samkomulagi við deildarforseta, því í sumum tilfellum gæti komið upp sú staða að ákjósanlegasti tíminn til að vinna að ákveðinni rannsókn lendi á milli anna.

Nefndarmenn voru sammála um að rannsóknaleyfum deildarforseta skuli ekki blanda saman við rannsóknaleyfi annarra akademískra starfsmanna. Nefndin mælir með því að skoða hvort farsælla sé að binda rannsóknaleyfi í samninga hjá deildarforsetum (einu sinni á hvoru ráðningatímabili). Í slíkri stöðu megi hugsa sér að taka fastan rannsóknþátt út sem hlutfall af vinnuframlagi deildarforseta.

3. gr. Skilyrði

Í reglunum kemur ekki skýrt fram hvort akademískur starfsmaður hefur **rétt á að sækja um rannsóknaleyfi** eða á **rétt á rannsóknaleyfi** innan þeirra skilyrða sem sett eru í gr. 3. Þetta þarf að laga og gera skýrt.

Rannsóknanefnd leggur til að akademískir starfsmenn sem ráðnir hafa verið að undangengnu hæfismati hafi rétt á rannsóknaleyfi að uppfylltum skilyrðum í gr. 3 (3.1. og 3.2).

Rannsóknanefnd leggur til að aðjúnktar hafi rétt á að sækja um rannsóknaleyfi þar til hefur verið fjölgað akademískum stöðum lektora, dósentna og prófessora í samræmi við þarfir Listaháskólans.

Rök: Akademískur starfsmaður hefur þegar gengið í gegnum hæfnismat og verið ráðinn með ákveðið starfshlutfall til að sinna rannsóknum og nýsköpun. Óhæft er fyrir framgang rannsókna að hægt sé að starfa t.d. sem dósent í ákveðinni listgrein við Listaháskólann í 10 ár án þess að fá einu sinni rannsóknaleyfi. Standa ber vörð um akademískt frelsi til rannsókna, en afar vandasamt er að meta á milli grunnrannsókna annars vegar og hins vegar hagnýtra rannsókna sem afla rannsóknastyrkja víðsvegar að þegar hlúa á að brautargengi fjölbreyttra rannsókna í öllum listgreinum innan Listaháskólans. Listgreinarnar standa einfaldlega enn mismunandi vel að vígi hvað öflun rannsóknastyrkja úr samkeppnisjóðum varðar. Rannsóknaleyfi eiga því ekki að vera undir sömu skilyrðum og almennir samkeppnissjóðir til rannsókna.

Nefndarmönnum er fulljóst að takmarkað fjármagn er til að veita í rannsóknaleyfi við Listaháskólann sem er ástæða fyrir að mælst var til að frambærulegustu rannsóknirnar verði valdar hverju sinni með tilliti til hve mörg rannsóknaleyfi er hægt að veita. Nefndin vill þó ekki álykta í samræmi við núverandi fjárhagsstöðu skólans heldur það sem til fyrirmyndar á að vera.

Skýrar bráðabirgðareglur væri hægt að setja um veitingu rannsóknaleyfa á meðan fjármagn dugar ekki til að veita öllum frambærilegum rannsóknum brautargegni sem standast skilyrði í 3. gr. um veitingu rannsóknaleyfa sem afnumdar eru um leið og fjármögnun til rannsókna styrkist við skólann. Fjárhagsstaða Listaháskólans er ekki innan starfsviðs rannsóknanefndar.

4. gr. Umsóknarferli og mat

Rannsóknanefndin leggur áherslu á að eyðublað fyrir umsóknir um rannsóknaleyfi sé vel útfært, sér í lagi m.t.t. fyrirhugaðra verkefna og akademísku frelsis til rannsókna. Lagt er til að nefndin sjálf þróa eyðublaðið eða það verði gert í nánú samráði við hana. Skilyrði í grein 3.1 og 3.2 munu ætíð vega þungt við mat á umsóknum.

Ef og á meðan bráðabirgðareglur um veitingar rannsóknaleyfa eru í gildi leggur nefndin til að úthlutun rannsóknaleyfa verði gerð á sama hátt og gert er í samkeppnissjóðum og með starfslaun listamanna, þ.e. að nefndin úthluti leyfum (en ekki rektor eins og reglurnar gera ráð fyrir) miðað við hversu mörg leyfi eru í pottinum hverju sinni.

Annað

Rannsóknarnefnd leggur til að stofnaður verði sérstakur ferðasjóður sem bundinn er við rannsóknaleyfi. Starfsþróunarsjóður kennara er of lítill til að fjármagna einnig ferðir vegna rannsóknaleyfa.

2. – Ályktun rannsóknarnefndar um tillögu rannsóknahóps um „Gæðakerfi rannsókna og nýsköpunar á fræðasviði lista”

Rannsóknarnefnd samþykkir að styðjast við greinargerð rannsóknahóps fagráðs frá mars 2014 (Gæðakerfi rannsókna og nýsköpunar á fræðasviði lista) í störfum sínum, þó með fyrirvörum um að nefndin:

- geti gert rökstuddar breytingar á skilgreiningum á listransóknum ef í ljós kemur að þær standi illa þegar reynsla er komin á notkun þeirra við mat á rannsóknum akademískra starfsmanna.
- geti gert rökstuddar lagfæringar á matskvarða fyrir afrakstur akademískra starfsmanna ef í ljós koma ágallar þegar reynsla er komin á notkun hans við mat á R&N akademískra starfsmanna.

Rannsóknarnefnd telur að henni beri að móta sér skýrar vinnureglur um framkvæmd mats og beitingu matskvarðans. Hún telur að kalla eigi til sérfræðinga á hverju sviði til að sinna grunnmati á R&N akademískra starfsmanna sem síðan er lagt fyrir nefndina til frekari úrvinnslu og/eða samþykktar. Fagaðilar á hverju sviði í nefndinni eru of fáir til að raunhæft sé að þeir séu hæfir til að meta R&N allra akademískra starfsmanna skólans auk þess sem það er afar tímafrekt. Þetta verður útfært á næstu fundum nefndarinnar.

3. – Ályktun rannsóknarnefndar um endurskilgreiningar á „Akademískum störfum”

Deildarforseti

- Rannsóknarnefnd leggur til að rannsóknaleyfi deildarforseta verði samningsbundin á hverju ráðningatímabili og þurfi þeir því ekki að sækja um rannsóknaleyfi líkt og aðrir akademískir starfsmenn.

Rök: Þeir hafa ekki svigrúm til að stunda R&N í starfi sínu og geta því ekki uppfyllt skilyrði í 3. gr. um rannsóknaleyfi. Um leið eiga þeir að vera leiðandi á sínu fagsviði samanber skilgreiningar á akademískum störfum og þurfa því að sinna R&N.

Aðjúnktar

- Rannsóknarnefnd samþykkir tillögu fagráðs um að aðjúnktar eigi að halda 10% rannsóknahlutfalli.
- Rannsóknarnefnd leggur til að aðjúnktar hafi að öllu jöfnu ekki rétt á að sækja um rannsóknaleyfi þar sem þeir hafa ekki gengið í gegnum hæfismat. Sá fyrirvari er þó settur að fyrst verði að fjölga akademískum stöðum, lektora, dósentna og prófessora við skólann samanber tillögu fagráðs. Á meðan fjöldi aðjúnkta er eins mikill og raun er við skólann og fáar háskólastöður þá leggur rannsóknarnefnd til að aðjúnktar geti sótt um rannsóknaleyfi samkvæmt skilyrðum í 3. gr. og að einn aðjúnkt hafi rétt á rannsóknaleyfi á hverju skólaári.

Rannsóknaprófessor og gestarannsakandi

Skilgreina þarf mun betur þessar stöður og skilyrði fyrir veitingu þeirra.

Rannsóknanefnd lýsir yfir stuðningi við ályktun fagráðs:

Fagráð leggur áherslu á að efling rannsókna og nýsköpunar við Listaháskólann er undirstaða þess að hægt sé að byggja upp þekkingu á fræðasviðinu listir. Fagráð hvetur því eindregið til þess að allar leiðir verði skoðaðar til þess að auka rannsóknarhlutfall allra akademískra starfsmanna.

(Úr greinargerð fagráðs 29. jan. 2015)

4. – Ályktun rannsóknaneftdar um „Reglur um veitingu akademískra starfa”

Rannsóknaneftnd ályktar að notast eigi við reglur frá mars 2013 um mat á hæfi umsækjenda í tengslum við auglýsingar akademískra starfa út næsta skólaár 2015-2016. Að greinar 4.3. og 4.4. um mat á hæfni umsækjanda samkvæmt nýjum reglum verði ekki notaðar, heldur verði gömlu reglurnar notaðar tímabundið.

Rök: Nýjar reglur um veitingu akademískra starfa gera ráð fyrir að notað verði nýtt matskerfi Listaháskólans um afrakstur á fræðasviði lista. Nefndaraðilar telja að enn hafi ekki hlotist nægjanleg reynsla af því matskerfi til að viðkomandi umsækjendur njóti óumdeilanlegrar fagmennsku við mat á hæfni. Mikilvægt er að innleiða kerfið innanhúss áður en það verður notað af utanaðkomandi hæfisneftndum við nýráðningar.

Viðauki III - Minnisblað rannsóknanevndar um vettvang fyrir birtingu listrannsókna

Í ljósi þeirrar afstöðu skólans að listrannsóknir skuli fela í sér tvenns konar afrakstur: listaverk og ígrundaða miðlun (e. critical reflection)¹ vill rannsóknanevnd fagráðs leggja áherslu á mikilvægi þess að þróa vettvang fyrir miðlun hins síðarnefnda.

Vettvangur fyrir miðlun listaverka lýtur sínum eigin lögmálum og þróast í farvegi óháða akademískum áherslum. Hinsvegar er það á ábyrgð Listaháskólans að byggja upp vettvang fyrir miðlun rannsóknarferlis, aðferða, niðurstaðna og ígrundaða afstöðu listamanns sem stundar listrannsóknir. Slík miðlun felur oftast í sér texta (en er þó ekki bundin textaforminu) í bland við það efni sem skrásett er í ferlinu, s.s. ljósmyndir, myndskreið, hljóð, sem sett er fram á gagnvirkan hátt. Miðlun sem þessi lýtur öðrum lögmálum en hefðbundinn vísindalegur fræðitexti og því mikilvægt að skapa henni farveg, til hliðar við þá möguleika sem fyrir eru hér á landi fyrir miðlun rannsókna.

Þessi afstaða Listaháskólans er í takti við þá þróun sem hefur átt sér stað í samanburðarskólunum, sér í lagi á Norðurlöndum (sjá greinargerð rannsóknahóps fagrás, mars 2014). Nýjir farvegir hafa sprottið upp fyrir ritrýnda miðlun listrannsókna, þ.e. þess hluta sem ekki felst í verkinu sjálfu, og eru ýmist í prentformi eða rafrænu útgáfuformi (sjá yfirlit yfir helstu vefrit á sviði listrannsókna síðast skjalinu). Rannsóknanevnd fagráðs vill leggja til að Listaháskólinn þróa rafrænan vettvang fyrir þessa miðlun, þar sem akademískir starfsmenn skólans, sem og meistaranemar, geta miðlað sínum afrakstri og þróað orðræðu listrannsókna á íslensku og miðlað til síns nærsamfélags.

Forsenda þess að rannsóknanevnd tekur þessa afstöðu til miðlunar listrannsókna er að skólinn styðji akademíska starfsmenn með því að skapa þennan vettvang, en ljóst er að þau rit sem fyrir eru á íslenskum útgáfuvettvangi eru óhentug til að þróa uppbyggingu rannsókna á fræðasviði lista. Því er mikilvægt að skólinn taki af skarið og fjárfesti í slíkum vettvangi, um leið og rannsóknabjálfun og ritbjálfun verði að formlegu stuðningskerfi fyrir akademíska starfsmenn.

Rannsóknanevnd leggur áherslu á að vefrit af þessu tagi verði þróað þvert á skólann og rúmi allar listgreinar. Nefndin vinnur nú að e.k. handbók/leiðarvísi fyrir akademíska starfsmenn um hvað ígrunduð miðlun eigi að innihalda til að geta talist sambærileg því sem gerist í öðrum listaháskólum.

Mikilvægt er að vettvangurinn sé ritrýndur af jafningjum í viðkomandi fagi, og að honum sé ritstýrt á faglegan hátt. Vefritið verður starfrækt á íslensku, en þeir sem vilja miðla verkum sínum á öðrum tungmálum er bent á þá farvegi sem fyrir (sjá aftur yfirlit).

¹ Rannsóknahópur fagráðs (2009-2014) og nú rannsóknanevnd fagráðs (2015-) hafa komist að sömu niðurstöðu hvað þetta varðar, þ.e. að listrannsóknir í akademískum skilningi leiði ávallt af sér miðlun á þessu tvennu.

Kostnaðarliðir

Vefstjórn/forritun

Hönnun

Ritstjórn

Prófarkalestur

Ekki er gert ráð fyrir að borga fyrir ritrýningu

Kostnaðaráætlun byggir á að hve miklu leyti hægt sé að nýta mannauð og þjónustu skólans, s.s. forritara, hönnuð, ritstjóra og prófarkalesara. Hér er lauslega áætlað á liðina hér að ofan og miðast við stofnkostnað:

Vefstjórn/forritun	300.000 kr.
Hönnun	300.000 kr.
Ritstjórn	Innanhúss
Prófarkalestur	200.000 kr.
Samtals	800.000 kr.

Auk þess er viðhaldskostnaður á ári hverju áætlaður 50.000 kr. á mánuði.

(samþykkt á fundi framkvæmdaráðs 25.06.2015)

Yfirlit alþjóðlegra vefrita fyrir miðlun listranssóknna

[ADIT](#) Art & Design Index to Theses

[Art & Research](#) A Journal of Ideas, Contexts and Methods

[ArtMonitor](#) Göteborg University (Sweden, paper-based)

[ArtReview](#) International Contemporary Art Magazine

[CAIRO](#) Curating Artistic Research Output

[Choreographic Practices](#)

[Cordance](#) The Congress of Research in Dance

[Dance Research Journal](#)

[Design and Technology Teaching](#)

Doctoral dissertations from University of Gothenburg can be electronically downloaded [here](#)

[InFormation](#) Nordic Journal of Artistic Research

[Institut für künstlerische Forschung Berlin](#)

[JAR](#) Journal for Artistic Research

[Journal of Sonic Studies](#)

[JVAP](#) - Journal of Visual Arts Practice (paper-based)

[MaHKUzine](#) Journal of Artistic Research Utrecht

[Nordic Journal of Dance](#)

[PARSE Journal](#) Platform for Artistic Research Sweden

[RA](#) (Artistic Research Archives)

[RUUKU](#) Journal for Artistic Research

[Setup4](#) Online Magazine of the Research Association for Artists' Publications

[Studies in Material Thinking](#)

[TEXT](#)

[Transart Institute](#), MFA Creative Practice and Studio PhD

[Unlikely: Journal for Creative Arts](#)

[Website of the Centre for Research and Development](#) University of Brighton, Faculty of Arts

[Working Papers in Art & Design](#)

Viðauki IV - Athugasemdir rannsóknanevndar við greinargerð rannsóknahóps frá mars 2013

(sjá næstu bls.)